

*Gutrin*

Tillaga undirbúningsnefndar:

Drög að reglum fyrir:

"BARÁTTUSAMTÖK FYRIR SJÁLFSÁKVÖRÐUNARRÉTTI KVENNA TIL  
LÖGLEGRAR FÓSTUREYÐINGAR:"

1.gr. Heimili og varnarþing ~~þ~~ráttusamtakanna er í Reykjavík.

2.gr. Markmið samtakanna er að vinna að því, að <sup>frumv. til lag um</sup> ~~breytingar~~, <sup>veði löggjafar ábreytt</sup>

sem gerðar hafa verið á upphaflegri gerð frumvarps til laga um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir verði niður felldar.

MEGINÁHERZLU LEGGJA SAMTÖKIN Á,:

a) að viðurkenndur sé skilyrðislaus sjálfsákvörðunarréttur kvenna varðandi fóstureyðingu innan 12 vikna meðgöngu, enda mæli engar læknisfræðilegar ástæður gegn aðgerð.

b) að fóstureyðing er alltaf neyðarúrræði. Skilyrði er, að kona, sem telur sig þarfnast fóstureyðingar, sé frædd um áhættusamfara slíkri aðgerð og að henni sé gerð grein fyrir þeirri félagslegu aðstoð, sem þjóðfélagið veitir þungaðri konu og móður.

c) að skýr og afdráttarlaus vilji konu liggi að baki umsókn hennar um fóstureyðingu. Ef mögulegt er, skal barnsfaðir taka þátt í umsókn konunnar, sama sérstakar ástæður mæli gegn því. Sé konan yngri en 16 ára, eða svipt sjálfræði, skulu foreldrar eða lögráðamaður taka þátt í umsókn hennar, nema sérstakar ástæður mæli gegn því.

d) að skólar á skyldunámsstigi veiti nemendum sínum fræðslu um kynlíf, barneignir og notkun getnaðarvarna. Slík fræðsla skal vera liður í almennri kennslu í heilsufræði og líffræði, og skal ásamt samfélagsfræðslu ætlað það hlutverk, að efla skilning og ábyrgðartilfinningu ungs fólks gagnvart foreldrahlutverkinu...



Markmið í sínu hyggjast samtökin ná meðal annars á eftirfarandi hátt:

með fræðslu og kynningarstarfi

með þátttöku í opinberum umræðum

með fundahöldum og útgáfustarfi

með því að kynna alþingismönnum röksemdir, sem mæla gegn þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á frumvarpinu.

3.gr. Félagar geta allir orðið, sem styðja markmið samtakanna.

4.gr. Félagsgjöld skulu engin vera í baráttusamtökunum. Fjár til starfsemi þeirra skal aflað með frjálsum framlögum félagsmanna og annarra.

5.gr. Stjórn samtakanna skal vera í höndum lo manna framkvæmdanefndar. Framkvæmdanefnd skal kosin í einu lagi á stofnfundi samtakanna 24. marz 1975. Framkvæmdanefnd skiptir með sér verkum.

6.gr. Framkvæmdanefnd Baráttusamtakanna skal eigi síðar en 24. marz 1976 gera félagsmönnum grein fyrir því starfi, sem unnið hefur verið. Til þessa fundar skal boðað með 6 daga fyrirvara a. m. k., og verður þar tekin ákvörðun um framhald á starfi Baráttusamtakanna eða slit þeirra.

Á þeim fundi samtakanna svo og öðrum, sem þau kunna að gangast fyrir, skulu fundarstörf fara fram samkvæmt almennum fundarsköpum.

7.gr. Ákvarðanir framkvæmdanefndar eru því aðeins bindandi fyrir samtökin, að meirihluti nefndarinnar sé sammála um þær

8.gr. Þrír fulltrúar í framkvæmdanefnd geta krafist almenns fundar í samtökunum. Framkvæmdanefnd skal halda almenna fundi eða félagsfundi eins oft og þurfa þykir.